



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 14. janúar 2019

Varðar: Frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsmála, 417. mál

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) fagnar framkomnu frumvarpi til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsmála.

ÍSí telur afar brýnt að stofnað verði til starfs samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs með það að markmiði að íþróttá- og æskulýðsstarf fari fram í öruggu umhverfi. Ekki síður til að iðkendur og aðrir sem koma að starfi hreyfingarinnar geti leitað sér aðstoðar hjá hlutlausum fagaðila vegna atvika sem upp koma innan vébanda íþróttá- og æskulýðssamtakanna í landinu.

Með tilliti til þeirra frásagna sem fram komu í yfirlýsingum íþróttakvenna í janúar síðastliðnum þá er full ástæða til að gera ráðstafanir af þessu tagi og leita allra leiða til úrbóta í hreyfingunni, sem og samfélaginu öllu.

Mikilvægur þáttur í starfi samskiptaráðgjafa er upplýsingasöfnun um fjölda atvika og tilkynninga sem íþróttahreyfingin telur afar mikilvægt að halda utan um til að mæla umfang og eðli vandans, með frekari úrbætur og lausnir í huga.

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands telur að með því að hafa samskiptaráðgjafa um íþróttá- og æskulýðsmál á forræði mennta- og menningarmálaráðuneytis skapist ákveðið hlutleysi og traust, hafið yfir hagsmunagæslu og tengsl sem þolandi gæti óttast við afgreiðslu tilkynninga um óæskilega hegðun eða atvik.

**Virðingarfyllt,
ÍÞRÓTTÁ- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri

